

L Ö G

28

13. jan.

um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað orðanna „fimm ára“ í síðasta málsl. 2. tölul. 3. gr. laganna komi: tíu ára.

2. gr.

Aftan við fyrri tölulið í 25. gr. laganna bætist:

Ráðherra skal setja, að fengnum tillögum veiðimálastjóra, reglur um það, hvaða veiðitæki megi nota til lax- eða silungsveiða, og skal í reglum þessum miða við þau veiðitæki, er líklegust þykja til þess, að fiskistofninn verði eigi upprættur. Í reglum þessum má ákveða fjölda veiðitækja, er notuð eru samtímis í veiðia. Ennfremur má setja ákvæði um það, hversu langan tíma úr sólarhring megi samfleytt veiða í á, og má það vera mismunandi langur tími, eftir stærð veiðiár, eftir því hve auðvelt er að veiða og öðru því, sem við kann að eiga. Reglur þessar mega ekki brjóta í hág við friðunarákvæði laganna.

3. gr.

93. gr. laganna skal orða þannig:

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaluborg, 13. janúar 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.